



ÁRSREIKNINGUR 2018

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Kt. 600307 -0450



Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	4-5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Yfirlit um eigið fé	9
Skýringar	10-26
Ófjárhagslegar upplýsingar	27-30

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé og upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla er byggð á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, eru viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda er raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggst á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 19. mars 2019

Advant endurskoðun ehf.



Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) fyrir reikningsárið 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er fjölmiðlaþjónusta í almannabágu, sem hefur það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.

Rekstur ársins 2018

Starfsemi Ríkisútvarpsins hefur á undanförunum fimm árum verið endurskipulögð og er afkoman nú jákvæð fjórða árið í röð.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður Ríkisútvarpsins ohf. 2,2 millj. kr. eftir skatta á árinu 2018.

Í árslok námu heildareignir félagsins 7.685 millj. kr. og eigið fé var 2.192 millj. kr. Eiginfjárlutfall var 28,5% í árslok 2018. Fjöldi ársverka var 270.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði verði ráðstafað til hækkunar eigin fjár.

Skuldir RÚV hafa um árabíl verið háar, m.a. vegna uppgjörs á eldri lífeyrisskuldbindingum. Með sölu á byggingarrétti hefur tekist að lækka skuldirnar umtalsvert en síðustu greiðslur vegna sölunnar bárust í ársbyrjun 2018 og var ráðstafað til niðurgreiðslu skulda. Frá stofnun RÚV hefur félagið ekki haft bolmagn til að standa undir þungum afborgunum skuldabréfs vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Á árinu 2018 var samið við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um skilmálabreytingu á skuldabréfinu, lánstími skuldabréfsins var lengdur og samið um ný vaxtakjör. Þetta gerir RÚV kleift að standa undir greiðslum í framtíðinni. Þrátt fyrir þessar aðgerðir telur stjórn RÚV að félagið verði áfram of skuldsett og heldur áfram að leita varanlegra lausna varðandi skuldsetningu þess.

Það er mat stjórnar að fyrirkomulag rekstrar RÚV verði með svipuðum hætti á árinu 2019. Nokkur óvissa ríkir um kjarasamninga sem geta haft áhrif á rekstur félagsins. Núverandi þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið gildir til 31. desember 2019 en þá tekur við nýr samningur en hann hvílir á lögum um Ríkisútvarpið og fjármálaáætlun ríkissjóðs RÚV er fjármagnað með útvarpsgjaldi og auglýsingatekjum skv. ákvörðun Alþingis en á undanförunum árum hefur svigrúm til auglýsingasölu verið takmarkað með lagasetningu. Auglýsingamarkaðurinn hefur verið að dragast saman og óvissa ríkir um frekari þróun. Frekari þrengingar myndu hafa áhrif á möguleika félagsins til að sinna þjónustuhlutverki sínu.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og er þar meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er í viðauka 1 við ársreikninginn.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2018. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. hafa í dag farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 19. mars 2019



Kári Jonasson
stjórnarformaður



Brynjólfur Stefánsson

Lára Hanna Einarsdóttir



Mörður Árnason




Birna Þórarinsdóttir



Valgeir Vilhjálmsson
fulltrúi starfsmanna



Jón Ólafsson



Elísabet Indra Ragnarsdóttir



Guðlaugur G. Sverrisson



Ragnheiður Ríkharðsdóttir



Magnús Geir Þórðarson
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrartekjur			
Almannaþjónusta	4	4.325.769	4.129.043
Samkeppnisrekstur	4	2.351.182	2.322.371
		<u>6.676.951</u>	<u>6.451.414</u>
Aðrar tekjur			
Söluhagnaður		28.960	174.302
		<u>28.960</u>	<u>174.302</u>
Rekstrargjöld			
Almannaþjónusta	4	(5.557.991)	(5.190.143)
Samkeppnisrekstur	4	(525.148)	(452.691)
Afskriftir	8,9	(335.638)	(315.896)
		<u>(6.418.777)</u>	<u>(5.958.730)</u>
Rekstrarhagnaður		287.134	666.986
Fjármunatekjur		16.969	1.891
Fjármagnsgjöld		(272.217)	(282.463)
Gengismunur		(29.105)	(11.184)
Hrein fjármagnsgjöld	6	<u>(284.353)</u>	<u>(291.756)</u>
Afkoma fyrir tekjuskatt		2.781	375.230
Tekjuskattur	7	(560)	(53.954)
Hagnaður og heildarafkoma		<u>2.221</u>	<u>321.277</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	4.845.257	4.681.306
Óefnislegar eignir	9	122.539	126.787
Sýningarréttur	11	636.397	476.103
Aðrar eignir	10	246.352	272.985
		<u>5.850.545</u>	<u>5.557.181</u>
Veltufjármunir			
Sýningarréttur	11	1.300.680	1.132.090
Viðskiptakröfur	12	481.209	1.399.076
Aðrar skammtímakröfur	12	50.975	269.030
Handbært fé	12	1.978	21.287
		<u>1.834.842</u>	<u>2.821.483</u>
Eignir samtals		<u>7.685.387</u>	<u>8.378.664</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé		839.723	839.723
Yfirverðsreikningur hlutafjár		265.254	265.254
Óráðstafað eigið fé		1.087.377	1.085.155
Eigið fé samtals		<u>2.192.354</u>	<u>2.190.132</u>

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir	13	3.294.422	3.276.386
Aðrar fjárskuldir	13	315.766	277.445
Tekjuskattsskuldbinding	14	54.513	53.954
		<u>3.664.700</u>	<u>3.607.786</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	15	1.076.029	926.299
Skuldir við lánastofnanir		84.689	451.645
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	51.296	310.174
Ógreidd laun og launatengd gjöld		534.299	538.944
Aðrar skammtímaskuldir	15	82.019	353.685
		<u>1.828.332</u>	<u>2.580.746</u>

Skuldir samtals

		<u>5.493.033</u>	<u>6.188.532</u>
--	--	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir samtals

		<u>7.685.387</u>	<u>8.378.664</u>
--	--	------------------	------------------

Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður tímabilsins		287.134	666.986
Afskriftir	8,9	335.638	315.896
Söluhagnaður fastafjármuna		(28.960)	(174.302)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		593.812	808.580
Sýningarréttur, hækkun	11	(328.884)	(39.534)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun)		1.162.555	(232.143)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		184.282	298.052
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.611.765	834.954
Innborgaðir vextir		16.967	1.891
Greiddir vextir		(191.898)	(234.169)
Handbært fé frá rekstri		1.436.834	602.677
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(461.734)	(542.288)
Keyptar óefnislegar eignir	9	(39.647)	(25.518)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		35.000	791
		(466.381)	(567.015)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	13	(622.807)	(172.110)
Nýjar langtímaskuldir		0	6.477
Breyting skammtímaskulda við lánastofnanir		(366.956)	148.702
		(989.763)	(16.930)
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(19.309)	18.733
Handbært fé í upphafi tímabils		21.287	2.555
Handbært fé í lok tímabils		1.978	21.287

Yfirlit um eigið fé 31. desember 2018

	Hlutafé *	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1.1.2017.....	839.723	265.254	763.878	1.868.855
Heildarafkoma ársins.....	0	0	321.277	321.277
Staða 31.12.2017.....	<u>839.723</u>	<u>265.254</u>	<u>1.085.155</u>	<u>2.190.132</u>
Staða 1.1.2018.....	839.723	265.254	1.085.155	2.190.133
Heildarafkoma ársins.....	0	0	2.221	2.221
Staða 31.12.2018.....	<u>839.723</u>	<u>265.254</u>	<u>1.087.377</u>	<u>2.192.354</u>

* Útgefnir hlutir í lok tímabils eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og önnur starfsemi. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi frá 5. apríl 2016, milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur Ríkisútvarpsins fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarskýringarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum og/eða túlkunum sem tóku gildi á reikningsárinu

IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 15 um tekjuskráningu fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2018. Staðallinn inniheldur ný viðmið við skráningu tekna og kemur í stað reglna í eldri stöðlum, IAS 11 og IAS 18 ásamt tengdum túlkunum. Innleiðing staðalsins hafði enginn áhrif á tekjuskráningu félagsins.

IFRS 9 Fjármálagerningar

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 9 um fjármálagerninga fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2018. Reikningsskilastaðallinn inniheldur ný viðmið vegna flokkunar og mats fjáreigna, en flokkarnir verða þrjú: fjáreignir á kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur. Staðallinn gerir nýjar kröfur um flokkun og mat á fjármálagerningum sem og nýja reglur um virðisrýrnun þeirra og auknar kröfur um upplýsingagjöf. Staðallinn kemur í stað reglna sem áður var að finna í IAS 39.

Breytt flokkun fjáreigna hefur ekki veruleg áhrif á mat viðskiptakrafna. Í staðlinum er horft til framtíðarvæntinga um útlánatap við mat á virðisrýrnun en samkvæmt eldri staðli byggðist mat á útlánatapi á atburðum sem höfðu átt sér stað. Við mat á væntu útlánatapi er tekið tillit til breytinga í efnahagsumhverfinu sem áhrif hafa á vænt útlánatap og byggist á líkindaútreikningi. Virðisrýrnun sem metin er samkvæmt væntu útlánatapi á líftíma fjáreigna felur í sér mögulega virðisrýrnun vegna vanskila sem yrðu á væntum líftíma fjáreignarinnar.

Innleiðing staðalsins hafði óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Aðrar breytingar á stöðlum og túlkunum

Það er mat stjórnenda að aðrar breytingar á stöðlum og/eða túlkunum sem tóku gildi á reikningsárinu höfðu óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Áhrif af innleiðingu á nýjum og endurbættum stöðlum og/eða túlkunum sem ekki hafa tekið gildi

IFRS 16 Leigusamningar

Félaginu ber að innleiða IFRS 16 nýjan staðal um leigusamninga fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar. IFRS 16 breytir skráningu leigusamninga verulega og kemur í stað reglna um leigusamninga sem áður var að finna í IAS 17 og tengdum túlkunum. Áhrif staðalsins eru einkum þau að rekstrarleigusamninga skal bóka í efnahagsreikning sem nýtingarrétt og leiguskuld. Rekstrarleigusamningar eru nú gjaldfærðir eftir því sem þeir falla til, en eignir og skuldir vegna réttinda þeirra og skuldbindinga hafa ekki verið færðar í efnahag. Stjórnendur félagsins telja að innleiðing á staðalinum muni hafa áhrif á efnahagsreikning félagsins. Leigugreiðslur hafa í rekstrarreikningi verið gjaldfærðar sem rekstrarkostnaður en í samræmi við breyttar reglur mun félagið gjaldfæra afskriftir af leiguréttindum annars vegar og fjármagnskostnað hins vegar. Gjaldfærður kostnaður mun að jafnaði verða hæstur í upphafi leigutíma en lækkar svo eftir því sem á líður þar sem fjármagnskostnaður í leigusamningnum er miðaður við fjárhæð leiguskuldar hverju sinni.

Aðrar breytingar á stöðlum og túlkunum sem ekki hafa tekið gildi

Það er mat stjórnenda að aðrar breytingar á stöðlum og/eða túlkunum sem tóku gildi á reikningsárinu höfðu óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

3. Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsskil Ríkisútvarpsins eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs. Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Matsaðferðir og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýringu 8, varanlegir rekstarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Skýringu 19, önnur mál. Mat stjórnenda á reikningshaldslegri meðferð þjónustu- og rekstrarleigusamnings.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum fyrir utan innleiðingu á nýjum reikningsskilastöðlum á tímabilinu, sjá hér að ofan.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarrétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Félagið er með þrjá mismunandi tekjustofna:

Tekjur af almannaþjónustu: árleg fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum sem nemur að lámarki áætlun fjárlaga um tekjur af útvarpsgjaldi. Tekjur af almannaþjónustu eru tekjufærðar yfir árið í samræmi við veitta þjónustu til almennings miðað við hlutverk og skyldur félagsins samkvæmt lögum 23/2013.

Tekjur af viðskiptaboðum (auglýsingum): tekjur af birtingu viðskiptaboða í miðlum félagsins. Tekjur af birtingu viðskiptaboð í miðlum félagsins eru færðar þegar þjónustan hefur verið veitt.

Tekjur af útleigu: tekjur af útleigu sem eru tekjufærðar yfir samningstíma leigusamnings.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og hreinum gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, hreinu gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskuldum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtri lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímann. Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspeglar betur ávinning af notkun eignarinnar.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni nýtist félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn. Fasteign félagsins er ekki afskrifuð þar sem stjórnendur meta það svo að bókfært verð fasteingar sé lægra en hrakvirði. Matið byggist á því að fasteignamat eignarinnar, sem er umtalsvert hærra en bókfært verð, endurspeglar það sem félagið getur vænst að fá fyrir eignina í lok nýtingartíma hennar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á sóludegi og er færð í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Óefnislegar eignir

Hugbúnaður er skráður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningstímabils. Sýningarréttur er skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisryrnun, en sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Nýtingartími sýningarréttar byggist á samningsbundnum réttindum. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

Skýringar, frh.:

3. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að meta hvort vísbending um virðisrýrnun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verðið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýringar í reikningsskilunum er ákvarðað á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2, leigufærslur sem falla undir IAS 17 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í IAS 2 eða nýtingarvirði í IAS 36.

Við ákvörðun á gangvirði eigna og skulda notar félagið markaðsupplýsingar að eins miklu leyti og hægt er. Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig á grundvelli þeirra forsendna sem notaðar eru við matið samkvæmt eftirfarandi flokkum:

- Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar félaginu á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en skráð verð samkvæmt stigi 1 sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki byggðar á fánlegum markaðsupplýsingum (ógreinanlegar upplýsingar).

Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignir á afskrifanlegu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum og ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignirnar færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af handbæru fé, viðskiptakröfum og öðrum kröfum. Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

Virðisrýrnun fjáreigna

Við mat á virðisrýrnun fjáreigna beitir félagið einfaldri nálgun við mat á virðisrýrnun á viðskiptakröfum. Sú nálgun krefst þess að félagið meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Félagið notast við áhættugreiningu til að reikna út vænt útlánatap yfir líftíma fjáreignanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á hlutfalli fyrir hvern hóp er horft til fasts hlutfalls sem byggist á sögulegri tapsögu félagsins leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Með hliðsjón af hverjum flokki viðskiptamanna er einnig horft til reynslu félagsins ef sú reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn.

Skýringar, frh.:

3. Reikningskilaaðferðir, frh.:

Fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samanstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar út frá núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

Starfspáttaryfirlit

Rekstur félagsins er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Meginstarfsemi félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Félagið gerir ekki starfspáttaryfirlit, stjórnendur félagsins meta rekstur félagsins innan eins starfspáttar.

4. Rekstur deilda

Samkvæmt 6. gr. laga um fjölmiðil í almannapjónustu nr. 23/2013 ber Ríkisútvarpinu að halda fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum félagsins. Skal hlutlæg kostnaðaraðgreining á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Forsendur til útreiknings hlutdeildar samkeppnisrekstrar í heildarkostnaði voru endurmetnar á árinu sem hafði í för með sér hækkun. Aðrar tekjur samkeppnisrekstrar eru meðal annars, leigutekjur af skrifstofuhúsnæði, aðstöðu og dreifikerfi, sala á safnaefni og leiga á leikmunum og búningum.

Rekstur fjölmiðils í almannapágu greinist þannig:

	2018	2017
Þjónustutekjur	4.296.000	4.107.596
Styrkir og aðrar tekjur	29.769	21.448
	<u>4.325.769</u>	<u>4.129.043</u>
Réttindagreiðslur vegna dagskrár	(1.144.300)	(1.058.924)
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostn. v. dagskrár	(2.998.263)	(2.732.501)
Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður	(342.431)	(332.671)
Kostnaður vegna dreifikerfis	(475.299)	(461.590)
Annar beinn kostnaður vegna dagskrár	(254.033)	(245.827)
Kostnaður vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar	(284.145)	(266.377)
Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður	(306.859)	(288.444)
Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði	247.338	196.191
	<u>(5.557.991)</u>	<u>(5.190.143)</u>
Rekstrartap af fjölmiðli í almannapágu	<u>(1.232.222)</u>	<u>(1.061.100)</u>

Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig:

	2018	2017
Tekjur af auglýsingum og kostun	2.035.797	2.038.006
Aðrar tekjur af samkeppnisrekstri	315.384	284.365
	<u>2.351.182</u>	<u>2.322.371</u>
Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlaþjónustu	(247.338)	(196.191)
Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar	(277.810)	(256.500)
	<u>(525.148)</u>	<u>(452.691)</u>

Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri

1.826.034

1.869.681

Skýringar, frh.:

5. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Heildarlaun	2.297.839	2.111.802
Lífeyrissjóður	291.462	248.568
Önnur launatengd gjöld	227.555	225.314
	<u>2.816.856</u>	<u>2.585.684</u>

Heildarstöðugildi	270	260
-------------------------	-----	-----

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig eftir kostnaðarliðum:

Almannajónusta	2.581.262	2.360.886
Samkeppnisrekstur	235.594	224.798
	<u>2.816.856</u>	<u>2.585.684</u>

Gjaldfærð laun og lífeyrissjóður til æðstu stjórnenda félagsins, annarra en útvarpsstjóra, námu 154,4 milljónum króna á árinu 2018 (2017: 124,9 milljónir króna). Nýtt stjórnskipulag tók gildi 1. janúar 2018 og fjölgaði þá um einn í hópi stjórnenda. Heildarlaun og þóknarir útvarpsstjóra námu 25,9 milljónum króna á reikningsárinu (2017: 22,9 milljónir króna). Stjórnarlaun námu 15,7 milljónum króna á reikningsárinu (2017: 14,3 milljónir króna). Á árinu fjölgaði í hópi starfsmanna, m.a. vegna fastráðninga starfsmanna sem áður höfðu starfað sem verktakar, í samræmi við stjórnarákvörðun og vegna aukinnar áherslu á innlenda dagskrárgerð.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2018	2017
Vaxtatekjur	16.969	1.891
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(252.578)	(262.962)
Önnur vaxtagjöld	(19.640)	(19.501)
	<u>(272.217)</u>	<u>(282.463)</u>
Gengismunur	(29.105)	(11.184)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(284.353)</u>	<u>(291.756)</u>

7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2019 vegna ársins 2018 þar sem félagið á uppsafnað skattalegt tap frá fyrri árum.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding er færð í efnahagsreikning félagsins. Tekjuskattur félagsins er 20%.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:

	2018		2017	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	2.781		375.230	
Skatthlutfall, 20%	-556	20%	-75.046	20%
Ófrádráttarbær kostnaður	-3	0%	-3	0%
Breyting á nýtingu á skattalegu tapi	0		21.096	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>-560</u>	20,1%	<u>-53.954</u>	14,4%

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Dreifikerfi	Áhöld, tæki og innréttingar	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2017.....	2.956.600	484.990	2.199.991	101.297	5.742.878
Eignfært á árinu	192.237	31.637	318.414	0	542.288
Selt á árinu	0	0	(792)	0	(792)
Niðurlagt á tímabilinu ...	0	(24.379)	(217.648)	0	(242.027)
Staða 31.12.2017.....	3.148.837	492.248	2.299.965	101.297	6.042.347
Eignfært á árinu	98.767	8.443	354.524	0	461.734
Selt á árinu	0	(6.040)	0	0	(6.040)
Niðurlagt á árinu	0	(79)	(308.800)	0	(308.878)
Staða 31.12.2018.....	3.247.605	494.572	2.345.689	101.297	6.189.163
Afskriftir					
Staða 1.1.2017.....	0	303.401	1.021.415	721	1.325.537
Afskrift ársins	0	34.989	242.279	262	277.530
Niðurlagt á tímabilinu ...	0	(24.379)	(217.648)	0	(242.027)
Staða 31.12.2017.....	0	314.011	1.046.046	983	1.361.040
Afskrift ársins	0	36.778	254.704	262	291.744
Niðurlagt á árinu	0	(79)	(308.800)	0	(308.878)
Staða 31.12.2018.....	0	350.711	991.950	1.245	1.343.905
Bókfært verð					
Staða 31.12.2017.....	3.148.837	178.236	1.253.919	100.314	4.681.306
Staða 31.12.2018.....	3.247.605	143.861	1.353.739	100.052	4.845.257
Afskriftarhlutföll	0%	5-33%	3-33%	0-2%	

Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett. Vátryggingaverðmæti áhaldna, tækja og innréttinga er 1.803 milljónir króna.

	Fasteignamat 2018	Brunabótamat 2018	Bókfært verð
Efstaleiti 1	4.620.450	4.674.050	3.247.605
Dreifikerfi	495.498	607.365	143.861
Aðrar eignir	0	0	1.453.792
	5.115.948	5.281.415	4.845.257

Skýringar, frh.:

9. Óefnislegar eignir

	<u>Hugbúnaður</u>
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2017.....	300.508
Eignfært á árinu	25.518
Aflagt á tímabilinu	(12.449)
Staða 31.12.2017.....	313.577
Eignfært á árinu	39.647
Aflagt á árinu	(27.958)
Staða 31.12.2018.....	325.265
Afskriftir	
Staða 1.1.2017.....	160.873
Afskrift ársins	38.366
Aflagt á tímabilinu	(12.449)
Staða 31.12.2017.....	186.790
Afskrift ársins	43.894
Aflagt á árinu	(27.958)
Staða 31.12.2018.....	202.725
Bókfært verð	
Staða 31.12.2017	126.787
Staða 31.12.2018	122.539
Afskriftarhlutföll	10-33%

10. Aðrar eignir

Aðrar eignir í lok ársins samanstanda af mismun á gjaldfærslu og greiðslum í tengslum við samning um stafræna dreifingu.

11. Samningsbundinn sýningarrettur á innlendu og erlendu dagskrárefni

	<u>Samningsbundinn sýningarrettur</u>
Staða 1.1.2017.....	1.568.659
Keypt efni á árinu	907.787
Sýnt efni á árinu	(868.253)
Staða 31.12.2017.....	1.608.193
Keypt efni á árinu	1.267.266
Sýnt efni á árinu	(938.383)
Staða 31.12.2018.....	1.937.077
Flokkað meðal fastafjármuna	636.397
Flokkað meðal veltufjármuna	1.300.680
	1.937.077

Samningsbundinn sýningarrettur hefur hækkað milli ára vegna aukinnar áherslu á innlent leikið efni, sem er lengi í þróun og framleiðslu og vegna kaupa á sýningarretti á alþjóðlegum íþróttaviðburðum til næstu ára.

Skýringar, frh.:

12. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur	76.492	1.031.117
Erlendar viðskiptakröfur	33.459	8.883
Útistandandi auglýsingakröfur	371.258	359.076
	<u>481.209</u>	<u>1.399.076</u>

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádraginni virðisrýrnun. Virðisrýrnun viðskiptakrafna í lok árs nemur 68,4 milljónum króna (31.12.2017: 69,2 milljón kr.).

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda á innheimtuleika þeirra.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:

	31.12.2018	31.12.2017
Staða afskriftareiknings í upphafi tímabils.....	69.243	68.743
Endanleg afskrift tímabilsins.....	(11.209)	(7.806)
Breyting afskriftareiknings á tímabilinu.....	10.338	8.306
	<u>68.372</u>	<u>69.243</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður	31.423	18.526
Fjármagnstekjuskattur	459	375
Aðrar kröfur	19.093	250.128
	<u>50.975</u>	<u>269.030</u>

Handbært fé

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður og sjóður í íslenskum krónum	1.977	21.286
Bankainnstæður í erlendri mynt	1	1
	<u>1.978</u>	<u>21.287</u>

13. Langtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir í DKK, vextir 4,29% - 5,42%	17.288	30.318
Verðtryggðar skuldir í ISK, vextir 3,5%	2.992.840	2.679.317
Óverðtryggðar skuldir í ISK, 6,7%	485.208	880.858
	<u>3.495.335</u>	<u>3.590.492</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(51.296)	(310.174)
Eignfærður lántökukostnaður	(149.618)	(3.932)
Langtímaskuldir alls	<u>3.294.422</u>	<u>3.276.386</u>

Skýringar, frh.:

13. Langtímaskuldir, frh.:

Langtímalán sem voru í félaginu við stofnun nema 2.993 milljónum króna (31.12.2017 2.960 milljónir kr.). Lán sem stofnað var til áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag er með ríkisábyrgð. Félagið hefur um árabíl ekki haft bolmagn til að greiða afborganir nema með nýrri lántöku, því var láninu skuldbreytt á árinu til að hægt væri að standa við afborganir.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Afborganir 2019/18.....	51.296	310.174
Afborganir 2020/19.....	48.929	318.799
Afborganir 2021/20.....	48.175	329.751
Afborganir 2022/21.....	50.028	342.817
Afborganir 2023/22.....	53.567	358.926
Afborganir síðar	3.243.342	1.929.789
	<u>3.495.335</u>	<u>3.590.257</u>

Aðrar fjárskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Langtímaskuldir vegna samningsbundins sýningarréttar.....	315.766	277.445

14. Tekjuskattsskuldbinding

	2018	2017
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	(53.954)	0
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning.....	(560)	(53.954)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.....	<u>(54.514)</u>	<u>(53.954)</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	(116.329)	(129.050)
Óefnislegar eignir (sýningarréttur)	1.678	3.239
Veltufjármunir	13.674	13.848
Aðrar eignir	(49.270)	(54.597)
Aðrir liðir	4.242	(5.247)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	91.491	117.854
Tekjuskattsskuldbinding	<u>(54.513)</u>	<u>(53.954)</u>

Skýringar, frh.:

15. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Innlendar viðskiptaskuldir.....	783.149	663.893
Erlendar viðskiptaskuldir.....	292.880	262.406
	<u>1.076.029</u>	<u>926.299</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Skuldir við lánastofnanir	40.753	295.690
Fjármögnunarleigusamningar	10.543	14.484
	<u>51.296</u>	<u>310.174</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Fyrirfram innheimtar tekjur.....	51.312	0
Ógreiddir áfallnir vextir.....	28.730	48.431
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.977	305.254
	<u>82.019</u>	<u>353.685</u>

16. Flokkar fjármálagerninga

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir

	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Handbært fé	1.978	21.287
Lán og kröfur (án fyrirframgreidds kostnaðar)	569.134	1.718.822

Fjárskuldir

Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	5.438.520	6.134.578
---	-----------	-----------

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir félagsins eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir félagsins í íslenskum krónum eru bæði verðtryggðar með föstum vöxtum og óverðtryggðar með breytilegum vöxtum. Þar sem hluti skulda félagsins er verðtryggður hefur þróun neysluvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé.

	31.12.2018		31.12.2017	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(2.272)	(4.543)	(5.266)	(10.531)

Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi tímabilsins.

Mynt	31.12.2018	31.12.2017
CHF	118,23	106,42
GBP	148,33	140,60
EUR	133,23	124,63
DKK	17,84	16,73
USD	116,33	103,82

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Gengisáhætta 31.12.2018

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	0	16.488	(16.488)
GBP	0	17.097	(17.097)
EUR	10.557	490.693	(480.137)
DKK	162	28.936	(28.774)
USD	1.152	101.964	(100.812)
Aðrir gjaldmiðlar	2.792	1.269	1.523
	14.663	656.448	(641.785)

Gengisáhætta 31.12.2017

	Eignir	Skuldir	Nettóstaða
CHF	93	7.720	(7.627)
GBP	4.506	3.569	938
EUR	8.393	401.720	(393.327)
DKK	0	45.428	(45.428)
USD	0	59.231	(59.231)
Aðrir gjaldmiðlar	0	3.441	(3.441)
	12.991	521.109	(508.117)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem fela í sér mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2018		31.12.2017	
	5%	10%	5%	10%
CHF	(660)	(1.319)	(305)	(610)
GBP	(684)	(1.368)	38	75
EUR	(19.205)	(38.411)	(15.733)	(31.466)
DKK	(1.151)	(2.302)	(1.817)	(3.634)
USD	(4.032)	(8.065)	(2.369)	(4.738)
Aðrir gjaldmiðlar	61	122	(138)	(275)
	(25.671)	(51.343)	(20.325)	(40.649)

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur	481.209	1.399.076
Aðrar kröfur	50.975	269.030
Handbært fé	1.978	21.287
	<u>534.162</u>	<u>1.689.393</u>

Að mati stjórnenda félagsins er hámarksútlánaáhætta félagsins sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

	Innan eins árs	2020	2021	2022 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2018					
Óvaxtaberandi	1.692.348	177.983	73.988	63.795	2.008.114
Með breytilegum vöxtum	87.951	3.511	3.778	472.736	567.976
Með föstum vöxtum	44.138	41.523	40.501	2.736.269	2.862.431
	<u>1.824.437</u>	<u>223.017</u>	<u>118.267</u>	<u>3.272.800</u>	<u>5.438.520</u>
	Innan eins árs	2020	2021	2022 eða síðar	Samtals
Eignir 31.12.2018					
Óvaxtaberandi	506.978	0	0	0	506.978
Með breytilegum vöxtum	1.978	0	0	0	1.978
	<u>508.956</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>508.956</u>
Nettóstaða 31.12.2018	<u>(1.315.481)</u>	<u>(223.017)</u>	<u>(118.267)</u>	<u>(3.272.800)</u>	<u>(4.929.565)</u>

Skýringar, frh.:

17. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum, frh.:

	Innan eins árs	2019	2020	2021 eða síðar	Samtals
Skuldir 31.12.2017					
Óvaxtaberandi	1.537.736	111.533	65.335	100.577	1.815.181
Með breytilegum vöxtum	459.022	5.990	6.432	857.127	1.328.570
Með föstum vöxtum	302.793	312.574	323.085	2.052.375	2.990.826
	<u>2.299.551</u>	<u>430.097</u>	<u>394.851</u>	<u>3.010.078</u>	<u>6.134.578</u>
	Innan eins árs	2019	2020	2020 eða síðar	Samtals
Eignir 31.12.2017					
Óvaxtaberandi	1.718.822	0	0	0	1.718.822
Með breytilegum vöxtum	21.286	0	0	0	21.286
	<u>1.740.108</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.740.108</u>
Nettóstaða 31.12.2017	<u>(559.443)</u>	<u>(430.097)</u>	<u>(394.851)</u>	<u>(3.010.078)</u>	<u>(4.394.470)</u>

Gangvirði

Fyrir utan þær fjárskuldir sem gerð er grein fyrir í neðangreindri töflu telja stjórnendur að bókfært virði fjáreigna og fjárskulda sem færðar hafa verið í reikningskil félagsins endurspegli gangvirði þeirra. Mat stjórnenda er að gangvirði fjáreigna sé jafnt bókfærðu verði.

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinast þannig:

Fjárskuldir	31.12.2018		31.12.2017	
	Bókfært virði	Gangvirði	Bókfært virði	Gangvirði
Langtímaskuldir	3.478.047	4.122.173	3.844.082	3.936.466
Fjárskuldir	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Langtímalán	0	0	4.122.173	4.122.173

Gangvirði fjárskulda sem meðtaldar eru í stigi 3 hafa verið metnar í samræmi við almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir sem byggjast á afvaxtaðri sjóðstreymisgreiningu, þar sem ávöxtunarkraftan endurspeglar útlánaáhættu mótaðilanna.

Skýringar, frh.:

18. Önnur mál

Samningur við Sýn hf. um stafræna dreifingu fyrir Ríkisútvarpið var undirritaður 27. mars 2013. Samkvæmt samningnum tekur Sýn hf. (í samningnum nefnt Vodafone), yfir rekstur allra núverandi dreifikerfa Ríkisútvarpsins, bæði fyrir sjónvarp og útvarp. Rekstur á FM- og langbylgjusendum Ríkisútvarpsins verður viðvarandi á samningstímanum, en gamla hliðræna sjónvarpsdreifikerfi Ríkisútvarpsins var lokað í lok janúar 2015. Samningurinn er til 15 ára og var gerður að undangengnu útboði á evrópska efnahagssvæðinu.

Reikningshaldslega er samningnum skipt upp í þjónustu- og rekstrarleigusamning, þar sem samningsverðinu hefur verið skipt upp á milli afnota af kerfinu og veittrar þjónustu samkvæmt ákvæðum samningsins, út frá metnu gangvirði þessara tveggja þátta.

Gangvirði rekstrarleigusamningshlutans í samningnum var metið þús. kr. 1.017.703,-
Framtíðarlágmarksleigugreiðslur af rekstrarleigusamningnum eru eftirfarandi:

	Lágmarksgreiðslufjárhæð	
	31.12.2018	31.12.2017
Innan eins árs.....	93.073	93.073
Seinna en eitt ár en innan fimm ára.....	332.732	332.732
Eftir meira en fimm ár.....	292.877	354.016
	<u>718.682</u>	<u>779.821</u>

Gjaldfærsla á leigugreiðslum vegna afnota af dreifikerfinu og veittri þjónustu á tímabilinu er gerð í samræmi við ákvæði útboðsins og samningsins. Mismunur á samningsgreiðslum vegna leigu- og þjónustugreiðslna og gjaldfærslu hefur verið færður meðal annarra eigna í efnahagsreikningi.

Þann 1. janúar 2019 tekur gildi nýr staðall um leigusamninga, IFRS 16 Leigusamningar. Staðallinn mun hafa áhrif samning RÚV við Sýn hf. um aðgang að stafrænu dreifikerfi, en sá hluti samningsins sem snýr að greiðslu fyrir afnotarétt á eign flokkast undir leigusamning og færast í efnahagsreikning. Það er metið svo að núvirði leiguhluta samningsins þann 1. janúar 2019 (við innleiðingu IFRS 16 staðalsins) sé 735,5 milljónir króna. Stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa ákveðið að samningurinn verði ekki færður í efnahag í ársreikningi fyrir árið 2018. Núvirði annara leigusamninga hefur verið metið á 171,6 milljónir króna við innleiðingu staðalsins og er fjárhæðin ekki færð í efnahag í ársreikningi á árinu 2018.

19. Þóknun til endurskoðenda

Advant endurskoðun ehf. endurskoðar ársreikninginn fyrir hönd Ríkisendurskoðunar. Þóknun til Advant endurskoðun ehf. vegna endurskoðunar á árinu 2018 nam 6,7 milljónum króna (2017: 6,3 milljónir króna).

Skýringar, frh.:

20. Kennitölur

	1.1.2018	1.1.2017
	31.12.2018	31.12.2017
Úr yfirliti um heildarafkomu:		
Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum	64,8%	64,0%
Hlutfall tekna af samkeppnisrekstri af rekstrartekjum	35,2%	36,0%
Hlutfall kostnaðar vegna almannaþjónstu af rekstrartekjum	83,2%	80,4%
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2018	31.12.2017
Greiðsluhæfi		
Lausafjárlutfall	0,29	0,65
Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		
Veltufjárlutfall	1,00	1,09
Veltufjármunir/skammtímaskuldir		
Fjárhagslegur styrkur		
Eiginfjárlutfall	28,5%	26,1%
Eigið fé/heildarfjármagn		

21. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 19. mars 2019.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 er rekstur fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

Stjórn

Stjórn RÚV fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri RÚV og að farið sé eftir lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannabágu við mennta- og menningarmálaráðuneytið séu uppfyllt. Stjórn RÚV er kjörin á árlegum aðalfundi félagsins. Fyrir stjórnarkjör á aðalfundi tilnefni Alþingi, með hlutbundinni kosningu, níu menn og jafnmarga til vara sem kosnir skulu í stjórn félagsins. Starfsmannasamtök RÚV tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn RÚV.

Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfi skv. 66. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni RÚV. Kjörnir fulltrúar til Alþingis og sveitarstjórna eru ekki kjörgengir í stjórn RÚV.

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi RÚV eru stjórn, framkvæmda- og dagskrárstjórn félagsins. Uppfært stjórnskipulag RÚV var kynnt 26. október 2017 og tók í gildi 1. janúar 2018 sem á að stuðla að betri dagskrárþróun, framleiðslu og miðlun til stafrænnar framtíðar. Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum þess. Hver framkvæmdarstjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart útvarpsstjóra. Dagskrárstjórn félagsins er skipuð dagskrárstjórum og fréttastjóra sem hver um sig bera ábyrgð á tilteknum dagskráreiningum gagnvart útvarpsstjóra. Ábyrgðarsvið eru skilgreind í ráðningarsamningi hvers og eins og í skipuriti. Framkvæmdastjórn og dagskrárstjórn funda fast einu sinni í viku en oftast eins og þörf krefur í heild eða smærri hópum.

Stjórnarhættir

Stjórn RÚV leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér ítarlegar starfsreglur. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, um fundargerðir stjórnar, upplýsingagjöf útvarpsstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar en undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Núgildandi starfsreglur voru staðfestar á stjórnarfundi RÚV 15. maí 2018 og eru aðgengilegar á vef félagsins www.ruv.is.

Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og í nefndinni sitja tveir stjórnarmenn og einn starfsmaður RÚV. Meginhlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila og aðrar eftirlitsaðgerðir, sbr. IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín eigi sjaldnar en árlega.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglubundnum fundum og gagnsæi í starfsemi. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilorðum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru ferlar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Með þjálfum starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Á árinu 2018 voru haldnir tíu stjórnarfundir, og tveir fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og endurskoðunarnefndar mætti á alla fundi. Endurskoðunarnefnd fundar með endurskoðendum félagsins þegar tilefni er til, auk þess sem endurskoðendur mæta á stjórnarfundi vegna árs- og árshlutauppgjör.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp störfum eða þeim er sagt upp. Við starfsmenn hafa verið gerðir hefðbundnir ráðningarsamningar með viðeigandi uppsagnarfresti.

Innra eftirlit og gæðamál

Nýr þjónustusamningur á milli RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytisins var undirritaður í apríl 2016. Í grein 2.4. samningsins er kveðið á um að RÚV skuli á samningstímanum stuðla að faglegum vinnubrögðum og gæðafærlum með það að markmiði að tryggja gæði fréttá- og dagskrárefnis og að fagleg vinnubrögð séu ástunduð í hvívetna. Tryggt skal að innra eftirliti og gæðafærlum sé framfylgt og upplýst sé á gagnsæjan hátt með hvaða hætti það sé gert á hverjum tíma. Á árlegum samráðsfundi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í desember 2018 var staðfest að RÚV hefði uppfyllt öll tímasett og önnur mælanleg markmið sem sett eru fram í þjónustusamningi.

Í júlí 2018 tóku gildi ný persónuverndarlög á Íslandi. LOGOS hefur aðstoðað RÚV við innleiðingu nýrra reglna og verklags hjá RÚV varðandi persónuvernd og LOGOS hefur tekið að sér stöðu persónuverndarfulltrúa. RÚV hefur nú þegar gripið til ýmissa ráðstafana til þess að undirbúa sig undir þetta breytta regluverk. Undirbúningsvinnu er þó ekki lokið en vonir standa til þess að henni ljúki að mestu leyti fyrir mitt sumar 2019. Lögð er áhersla á að forgangsraða verkefnum og af þeirri vinnu sem þegar hefur verið ráðist í er ljóst að huga þarf vel að öryggisráðstöfunum og grípa til aukinna ráðstafana svo tryggja megi vernd þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með hjá RÚV.

Starfsmannamál og jafnrétti

RÚV hefur sett sér starfskjarastefnu sem hefur það að markmiði við gerð samninga um starfskjör, að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er aðgengileg á aðalskrifstofu félagsins, en hún var samþykkt á aðalfundi Ríkisútvarpsins 28. apríl 2017.

Jafnréttisáætlun RÚV var samþykkt af stjórn félagsins í maí árið 2015. Í stefnu RÚV er staðfest að RÚV hugi að mannréttindum og gæti fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver starfsmaður þess sé metinn að eigin verðleikum, óháð kyni, aldri og uppruna. Jafnréttisáætlun RÚV og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni eru aðgengilegar á vef félagsins, www.ruv.is. Á árinu 2015 hlaut RÚV fjölmiðlaverðlaun Jafnréttisráðs, árið 2016 hlaut RÚV gullmerki PWC í kjölfar jafnlaunaúttektar og í byrjun árs 2019 hlaut RÚV Jafnlaunavottun Jafnréttisstofu og staðfestingu á að RÚV standist öll skilyrði jafnlauna-staðals ÍST 85:2012.

Reglur um ráðningar hjá RÚV og samninga við verktaka og reglur um meðferð athugasemda, ábendinga og kvartana vegna umfjöllunar RUV má finna á vefnum www.ruv.is.

RÚV hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á umhverfismál og reynt er eftir fremsta megni að starfa í sátt við umhverfið og taka tillit til þess í starfseminni allri. Átak hefur verið gert í flokkun sorps, pappírnotkun minnkuð og dregið úr matarsóun. RÚV setti sér samgöngustefnu sem hefur það að markmiði að gera starfsmönnum auðveldara að ferðast til og frá vinnu með því að sameinast í bíla, nota almenningssamgöngur og aðra valmöguleika en að ferðast um á einkabíl.

Uppfærsla kerfa, verklags og hæfni

Samkvæmt stefnu RÚV lúta helstu áherslur í innra starfi að uppfærsla á kerfum, vinnubrögðum og þjálfun starfsmanna. Stór skref voru tekin í uppfærslu kerfa og samræmingu vinnubragða á árinu. Fjárhags- og mannauðskerfi RÚV voru endurnýjuð sem skila mun bættri upplýsingagjöf og nútímalegra vinnuumhverfi fyrir. Rafræn skjalavistun og sveigjanlegt vinnuumhverfi voru innleidd með Office 365 skýjalausn. Skjalastefna RÚV var skráð, öryggishópar uppfærðir og rafræn málastýring innleidd með nýju kerfi, Workpoint. Rafræn gæða- og öryggishandbók var innleidd og birt á innri vef og markviss útgáfustýring á öllum gæðaskjölum tekin upp. Skráning verklags og vinnulýsinga var stöðluð þvert á fyrirtækið og stöðug þjálfun fest í sessi í gegnum RÚV skólann.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Spillingar- og mútumál

Í siðareglum sem starfsenn félagsins hafa sett sér og tóku gildi 22. mars 2016 er lögð áhersla á að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka traust. Þannig er skapaður farvegur trausts og óhlutdrægni fyrir rökstuddar ásakanir um misbrest og stuðlað að því að leyst verði úr ágreiningi á málefnalegan hátt.

Kveðið er á um að starfsfólk gæti að óhæði gagnvart stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Einnig sé jafnræðis gætt þegar tekin er afstaða til óska hagsmunahópa. Starfsfólk þiggur ekki persónulega verðmætar gjafir vegna starfs síns og leitar til næsta yfirmanns verði það vart við ámælisvert athæfi. Siðanefnd RÚV sker úr um hvort siðareglur stofnunarinnar hafi verið brotnar. Öllum er frjálst að senda siðanefnd erindi. Siðareglurnar má finna á vefnum www.ruv.is.

Framtíðarsýn og stefna

Þann 18. maí 2017 kynnti RÚV nýja stefnu félagsins til 2021. Áherslurnar sem settar eru fram í stefnunni taka mið af lykilbreytingum í ytra umhverfi, straumum og stefnum í gildismati, viðhorfi og hegðun neytenda, þróun fjölmiðlamarkaðar og stöðu almannaþjónustumiðla. Þetta er sett í samhengi við Ísland og RÚV.

Stefnan byggist á framtíðarsýn og hlutverki RÚV. Stefnan er að félagið standi undir hlutverki sínu og nái þeim markmiðum sem sett eru með framtíðarsýninni. Hún hefur bein áhrif á skipulag og mannauðsmál. Stefnan er leiðarljós RÚV næstu árin og um leið loforð gagnvart samfélaginu. Loforð sem myndar grunn að mati á árangri og mælikvörðum alls starfs.

Framtíðarsýn byggir á hlutverki Ríkisútvarpsins. Í stefnunni felast síðan áherslur sem Ríkisútvarpið fylgir til að nálgast þessa sýn. Gildin eru síðan kjarninn, það sem einkennir vinnubrögð og viðhorf starfsfólks. Gildi RÚV eru: Heilindi, hugrekki, gæði og samvinna.

Í stefnunni er lögð áhersla á að RÚV verði að ná til allra aldurshópa og því verður þjónusta við yngra fólk (15-29 ára) bætt með þróun nýrra miðlunarleiða og dagskrárefnis.

RÚV vill efla sköpun og miðlun íslenskrar menningar, m.a. með stórsókn íslensks leikins efnis og dagskrárgerð og eflingu RÚV-mynda.

Áhersla er lögð á að efla ritstjórnir sem starfa jöfnun höndum fyrir alla miðla RÚV. Þróaður hefur verið nýr spilari sem eykur efnisframboð utan hefðbundinnar útsendingar. Á sama tíma verður samtalið við þjóðina galopnað með rýnihópum, enn markvissari úrvinnslu gagna og opnum hugmyndadögum þar sem óskað verður eftir hugmyndum að dagskrárefni.

Þá vill RÚV auka samstarf við menningarstofnanir og skapandi greinar auk annarra fjölmiðla, m.a. með því að gera myndver A aðgengilegt sjálfstæðum framleiðendum. Með þessu vill RÚV leggja sitt af mörkum til þess að viðhalda fjölbreyttri fjölmiðlun á Íslandi.

Starfsfólk RÚV er meðvitað um hve mikilvægt er að veita snarpa og hraða fréttþjónustu í bland við dýpri rýni sem krefst tíma og þolinmæði. Lögð er áhersla á að fjalla um og sýna íslenskt mannlíf í samhengi við umheiminn og umheiminn í samhengi við Ísland.

Um áratugaskeið hefur samtímasagan verið fönguð hjá RÚV og vonast er til að á næstu árum verði RÚV gert kleift að yfirfæra ómetanlegt efni í Gullkistu RÚV yfir á stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi.

Til að nýjar stefnuáherslur nái fram að ganga verður ráðist í uppfærslu á stafrænum stoðkerfum og tækjabúnaði RÚV. Auk þess verður þjálfun og endurmenntun starfsfólks eflað markvisst með RÚV-skólanum. Aukinn kraftur er settur í hugbúnaðarþróun og sprotaverkefni. Stefnu RÚV í heild sinni má nálgast á ruv.is/2121.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Aðgerðaáætlun til að innleiða nýja stefnu RÚV var sett af stað í kjölfar kynningar á nýrri stefnu vorið 2017. Þar voru settar fram 84 skilgreindar og tímasettar aðgerðir. Innleiðing gengur afar vel. Af þeim hefur 71 aðgerð verið lokið eða komið í framkvæmd níu aðgerðir eru hafnar og fjórar eru ekki komnar af stað vegna ytri aðstæðna.